

Mál nr. 398/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A

og

Vátryggingafélagið Y v/bifreiðarinnar B

Árekstur á gatnamótum Þúsaldar og Reynisvatnsvegur 24.10. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 16.11. 2009 (engin gögn fylgdu málskotinu).
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 26.11. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 30.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið í sömu áttina og var A á undan B. B varð bensínlaus og stöðvuð snögglega á gatnamótunum með þeim afleiðingum að A ók aftan á hana.

Vátryggingafélagið A telur að báðir ökumenn beri hluta sakar þar sem þeir hafi báðir sýnt af sér gáleysi.

Vátryggingafélagið B telur að öll sök liggi hjá ökumanni A sem ekur aftan á B þar sem hann hafi ekki gætt þess að hafa nægilegt bil á milli bifreiðanna. Áreksturinn varð þar sem ekið er yfir gatnamótin og hraði er lítill og aðilar nýlagðir af stað.

M telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa verður meginábyrgð lögð á ökumann A. Hann gætti ekki nægjanlega að þeirri umferð sem á undan var sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ökumaður B ber nokkra ábyrgð á árekstrinum vegna þess að bifreið hans varð bensínlaus í akstri sbr. 59. gr. umferðarlaga. Ökumanninum og umráðamanni bar að gæta þess að bifreiðin væri ekki þannig búin að það skapaði hættu fyrir umferðina. Lagt er til grundvallar að ökumanninum hafi mátt vera ljóst að bifreiðin gæti orðið bensínlaus í umrætt sinn. Ökumanninum var kunnugt um að bifreiðin væri bensínlítill þegar akstur hófst.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 8. desember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.